

Mánudaginn 1. október 1962.

Nr. 94/1962. **Páll Samúelsson**
 gegn
Kristjáni Eiríkssyni.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Páll Samúelsson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 300.00, útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Mánudaginn 1. október 1962.

Nr. 95/1962. **Hilmar Sigurðsson**
 gegn
Kristínu Jørgensen.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Hilmar Sigurðsson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 300.00, útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Mánudaginn 1. október 1962.

Nr. 105/1962. **Gunnar Ásgeirsson**
 gegn
Áka Jakobssyni.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Lögbannsgerð.

Dómur Hæstaréttar.

Jóhann Þórðarson, fulltrúi sýslumannsins í Gullbringu- og Kjósarsýslu, hefur framkvæmt hina kærðu dómsathöfn.

Sóknaraðili hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 1. ágúst 1962, er barst dóminum 15. s. m. Hann krefst þess, að lögbann það, sem lagt var við framkvæmdum Áka Jakobssonar hæstaréttarlögmans á lóð hans og sóknaraðilja við Brekkustíg í Ytri-Njarðvík hinn 27. júlí 1962, verði látið fram ganga og að varnaraðilja verði dæmt að greiða honum kærumálskostnað.

Frá varnaraðilja hafa Hæstarétti hvorki borizt kröfur né greinargerð.

Stjórn Landshafnarinnar í Keflavík og Njarðvík er talin hafa úthlutað aðiljum máls þessa 28. nóvember 1961 lóð við Brekkustíg í Ytri-Njarðvík til að reisa á henni síldar- og fiskverkunarstöð. Hófust aðiljar handa um undirbúning stöðvarsmiðar, en brátt risu úfar með þeim, og varð raunin sú, að varnaraðili réðst einn í að smíða hús á lóðinni. Af þessum sökum krafðist sóknaraðili þess í bréfi til sýslumannsins í Gullbringu- og Kjósarsýslu, dags. 19. júlí 1962, að hann stöðvaði hússmið varnaraðilja með lögbanni. Hinn 27. júlí 1962 setti nefndur dómarafulltrúi fógetadóm á lóðinni við Brekkustíg í Njarðvíkurhreppi. Fyrir fógetadóminn komu sóknaraðili og málflytjandi hans, Haukur Jónsson hæstaréttarlögmaður. Af hendi varnaraðilja var enginn mættur, en eigi verður séð, að honum hafi verið gert viðvart. Fógeti lýsti hinu umbeðna lögbanni og tók gilda sem tryggingu fyrir því tvo víxla, annan að fjárhæð kr. 50.000.00, eigin víxil, útgefinn af sóknaraðilja, og hinn að fjárhæð kr. 200.000.00, samþykktan af sóknaraðilja og útgefinn af Einari Gunnarssyni, Smáratúni 32, Keflavík.

Dómarafulltrúinn, sem lögbannið framkvæmdi, átti, þegar að loknu dómþinginu, tal við varnaraðilja. Gerði varnaraðili kröfu til, að lögbanninu yrði aflétt. Leiddi þessi krafa til þess, að dómarafulltrúinn setti fógetadóm á skrifstofu embættisins hinn 28. júlí 1962 og ákvað með tilvísun til 25. gr. laga nr. 18/1949 að taka lögbannsgerðina til meðferðar af nýju, þar sem nauðsynlegt væri að kveða af nýju á um tryggingu þá, er sóknaraðili skyldi setja fyrir lögbanninu, og svo að veita varnaraðilja færi að tjá sig um

málið. Síðan bókaði dómarrinn svohljóðandi ákvörðun: „Fógeti ákvað þá, að lögbann yrði (svo) sett við frekari framkvæmdum á lóð Gunnars Ásgeirssonar og Áka Jakobs-sonar í Njarðvíkum komi eigi til framkvæmda að svo stöddu.“ Sóknaraðili mótmælti þessari ákvörðun fógeta. Því næst frestaði fógeti málinu til 30. júlí 1962. Á dómþingi þann dag komu báðir aðiljar fyrir dóm, og lagði varnaraðili fram greinargerð af sinni hálfu og mótmælti lögbanninu, en krafðist að öðrum kosti peningatryggingar, að fjárhæð kr. 1.000.000.00. Enn frestaði fógetinn málinu til 1. ágúst 1962, og skyldi sóknaraðili þá skila greinargerð. Á dómþingi þenna dag lýsti lögmaður sóknaraðilja því, að hann myndi kæra þá ákvörðun fógeta að taka lögbannsgerðina til meðferðar af nýju. Stöðvaði fógeti þá meðferð málsins fyrir fógetadóminum.

Fógeti vatt upphaflega of bráðan bug að lögbanninu að máli ókönnuðu og án þess að varnaraðilja gæfist kostur á að taka til varna, svo séð verði. Vildi fógeti sýnilega með bráðabirgðafrestun sinni á framkvæmd lögbannsins hinn 28. júlí fá færi á að kanna málið og kveða síðan upp í því rökstuddan úrskurð. Til þessa vannst fógeta eigi tími sökum kæru sóknaraðilja. Þá er litið er á málatilbúnaðinn og mynd málsins nú, þykja eigi vera efni til að grípa fram fyrir hendur fógeta á þessu stigi málsins, og er málinu því vísað til fógetadóms til meðferðar og uppsögu rökstudds úrskurðar.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað til fógetadóms til meðferðar og uppsögu úrskurðar.

Kærumálskostnaður fellur niður.
